

3. febrúar 2010

TILLAGA TIL BORGARRÁÐS

Atvinnumálahópur gerir eftirfarandi tillögu til borgarráðs um úthlutun fjármagns til atvinnumála skv. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010.

1. 80 m.kr. verði varið í atvinnuskapandi verkefni á sviðum borgarinnar. Meðfylgjandi er tillaga um sérstaka úthlutunarnefnd og erindisbréf hennar, merkt erindisbréf I.
2. 30 m.kr. verði varið í atvinnusköpun og verkefni í þágu ungs fólks. Meðfylgjandi er tillaga um sérstaka úthlutunarnefnd og erindisbréf hennar, merkt erindisbréf II.
3. 20 m.kr. í virkniverkefni fyrir fólk sem er á fjárhagsaðstoð. Meðfylgjandi er tillaga um sérstaka úthlutunarnefnd og erindisbréf hennar, merkt erindisbréf III.
4. 10 m.kr. verði varið í sérstakan pott undir umsjón mannréttindastjóra og mannauðsstjóra í þágu starfsfólks með fötlun. Meðfylgjandi er tillaga um sérstaka úthlutunarnefnd og erindisbréf hennar, merkt erindisbréf IV.
5. 3 m.kr. verði varið í ráðningu sérstaks verkefnisstjóra á mannauðsskrifstofu sem hafi umsjón með þeim verkefnum sem farið verður í. Skilyrt er að verkefnisstjóri verði ráðinn tímabundið skv. reglum Vinnumálastofnunar um átaksverkefni.
6. 7 m.kr. verði varið til að greiða laun námsmanna sem vinna að verkefnum styrktum af Nýsköpunarsjóði námsmanna sem svið og stofnanir borgarinnar kunna að fá.